

Ræða um Jón Árnason 24. október 2018

Fyrsti meistari Riddara Musterisins Heklu var prentarinn Jón Árnason. Hann fæddist 5. júní 1875 á í Miklaholtshelli í Hraungerðishreppi í Árnessýslu. 11 ára flutti hann ásamt foreldrum sínum til Reykjavíkur og þar hóf hann prentnám á átjándá ári. Um aldamótin (1899/1900) vann hann í prentsmiðju í Osló í tvö ár. Síðar tók hann þátt í stofnun prentsmiðjunnar Gutenberg sem var samvinnufélag bókprentara í Reykjavík, þar sem hann vann sem prentari, alla tíð, eða þar til hann náði 75 ára aldri og hann hætti vegna aldurs.

Sem ungur maður gerðist hann félagi í IOGT og voru það hans fyrstu kynni af reglustarfsemi. Hann flutti til Íslands æðsta stig þessarar reglu og sat um langt árabíl í æðstu stjórn Góðtemplarareglunnar.

Árið 1916 var hann vígður inn í Samfrímúrara Regluna í Noregi og 1921 flutti hann þá reglu til Íslands. Hann hlaut æðstu stig Samfrímúrara-reglunnar og sat í æðstu stjórn hennar. Hann var lengi virkur félagi í Guðspekifélaginu á Íslandi og skrifaði fjölda greina í Ganglera . Hann var einnig þekktur stjörnuspekingur og fékkst við að gera stjörnuspar í frístundum.”

Skólaganga Jóns var lítil hann var hálfan mánuð í skóla hjá séra Sæmundi í Hraungerði við reikningslærdóm og lærði þar margskonar tölur, brot og tugabrotum.

Hjá Árna Gíslasyni leturgrafara lærði Jón reikning, skrift og kristin fræði. Veturinn eftir átti hann að vera í barnaskólanum seinni part vetrar, en veiktist af rauðum hundum og þar með lauk skólagöngunni. Jón kenndi sjálfum sér ensku og opnaði það fyrir honum ýmislegt varðandi guðspekina og stjörnuspekina.

Árið 1904 byggði hann með föður sínum húsið nr. 15 við Lindargötu og bjó að því ég best veit þar alla tíð síðan.

Það er gaman að lesa um það hvernig Jón kynntist reglu Musterisriddara. Ég ætla að lesa stytta samantekt á grein eftir Bróðir Jóhann Björnsson.

Óskar Snare var norskur maður sem var bæði góðtemplari og musterisriddari. Óskar sá í auglýsingu í Mogganum sem hann sá út í Noregi að maður að nafni Jón Árnason ætlaði að flytja erindi á góðtemplarafundi í Reykjavík.

Oscar, sem lengi hafði haft huga á að komast í bréfasamband við einhvern bindindisbróður á Íslandi, ákvað að skrifa þessum Jóni Árnasyni bréf, sem hann lét verða að þann 27. janúar 1947. Jón var þá 71 árs gamall.

Utan á umslagið ritaði hann aðeins: Jón Árnason, Reykjavík, Ísland. Hann þekkti ekki heimilisfang Jóns en gerði sér samt sem áður vonir um að bréfið kæmist til skila!

Hægt er að sjá á umslaginu að það hafði verið opnað af póstinum og lokað aftur með límbandi og að innihald bréfsins hefur þannig getað vísað veginn til hins rétta Jónas Árnasonar.

Já einmitt, hins eina rétta Jóns Árnasonar!

Jón Árnason og Oscar Snare skrifuðust á, Jón fékk nokkra fræðslu um Reglu Musterisriddara, sem vakti mikinn áhuga hans á reglunni. Niðurstaðan varð sú að Jón ásamt góðtemplarabróður sínum Björgvin Jónssyni sóttu um inntöku í regluna og þann 29. nóvember 1947 voru þeir vígðir í Reglu Musterisriddara í RM Föroyar í Þórshöfn.

Jón Árnason átti síðan frumkvæðið að því að Reglan yrði stofnuð á Íslandi. Ásamt Björgvini Jónssyni undirbjó hann jarðvegin og í júlímánuði 1949 var allt til reiðu. Br. Nils Edberg frá Halmstad í Svíþjóð, sem kunnir íslensku, kom þá til Íslands og með aðstoð Jóns og Björgvins voru 16 félagar vígðir í Regluna dagana 8. – 10. júlí. Síðan var Vígslumusterið Hekla formlega stofnað þann 17. júlí. Stofnendur Musterisins voru 19.

Eftir þetta var það þessi regla sem átti hug Jóns Árnasonar allan. Hann fann að í henni sameinaðist albindindis-hugsjónin með dýpra innra reglustarfi og einstökum bræðralagsanda. Hann var manna fróðastur um reglustarf og táknmál. Hann var einstakur mælskumaður og sérstakur persónuleiki.

Jón Árnason var meistari musterisins Heklu frá stofnun til ársins 1959, eða í tæp 10 ár. Þannig að hann var 74 ára gamall þegar musteríð var stofnað.

Í afmælisávarpi frá br. Thorleif Hansen SGM í tilefni af 80 ára afmælis Jóns ritaði hann: Þegar ég í fyrstu fékk orðsendingu frá Jóni Árnasyni þess efnis að hann væri fús til þess að stofna Reglu musterisriddara á Íslandi, lét ég í ljós ákveðnar efasemdir um, að jafn aldurniginn maður gæti tekið að sér svo mikið og erfitt viðfangsefni. Við nánari kynni af honum í gegnum bréfaskipti skildist mér, að það hlaut að vera eitthvað

alveg sérstakt við þennan mann. Sem betur fer fékk Jón Árnason vilja sínum framgengt.

Vígslumusterið Hekla var hækkað í Þjónamusteri tæpum þrem árum eftir stofnun þess. Fyrsti fundarstaður musterisins var í kjallara Templarahallarinnar við Tjörnina í miðbæ Reykjavíkur. IOGT seldi þetta hús 1963 og varð Hekla þá að finna nýtt húsnæði fyrir starfsemi sína. Menn vissu að Samfrímúrarareglan var einnig að leita að hentugu húsnæði og í samvinnu við þá keyptu þessar tvær reglur 3ju hæð og rishæð í húsinu Brautarholt 4A í Reykjavík. Eftir að hafa fengið rýmra húsnæði gat Musterið Hekla sótt um að verða hækkað í Riddaramusteri og var Musterið hækkað af br. SGM Thorleif Hansen þann 24. apríl 1964.

Samkvæmt öllu því sem hér að framan hefur verið sagt um Jón Árnason, er það alveg á hreinu að br. Oscar Snare gat ekki fundið heppilegri mann á Íslandi til þess að skrifast á við um áhugamál sín, bindindi og reglustarf og stofna reglu Musterisriddara.

Einn af bræðrum vorum í reglu Musterisriddara bróðir Þórir Sigurbjörnsson fékk, þegar hann komst á eftirlaun, áhuga á að skoða og taka eitthvað saman um sögu Riddara Musterisins Heklu. Þegar hann fór að kynna sér einn af stofnendum reglunnar og fyrsta meistara bróðir Jón Árnason komst hann að því að Jón hafði skrifað fjölda greina í Ganglera rit Guðspekifélagsins. Þórir safnaði þessum greinum saman, og ég skannaði þær inn og breytti þeim á tölvutækt form. Þórir las þær svo yfir og leiðrétti. Nú eru þessar greinar komnar á vefsvæði reglu Musterisriddara musteri.is undir Jón Árnason.

Einnig eru á netinu afmælisgreinar um Jón þegar hann var sextugur sjötugur og áttræður.

Bróðir Þórir fæddist 26.10.1945 og lést 29.10.2016 langt um aldur fram eftir erfið veikindi. Þórir hefði því orðið 73 ára eftir 2 daga.

Það er von mín að þessar greinar veki áhuga bræðranna og haldi minningu Jóns Árnasonar á lofti.

Bróðir Hjalti Freyr Kristinsson mun nú kynna nýja vefsíðu RM Heklu.